

Laxar Fiskeldi ehf  
Akralind 2  
201 Kópavogur

Reykjavík 14. september 2018  
UST201805-396/S.P.  
08.03


**Efni: Útstreymisbókhald móttekið – eftirfylgnimáli lokið**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 10. ágúst sl. þar sem stofnunin lagði dagsektir á Laxar fiskeldi ehf. vegna vanskila á útstreymisbókhaldi., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.

Þann 17. ágúst sl. 2018 barst Umhverfisstofnun útstreymisbókhald. Eftirfylgnimáli telst því lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum og er **13.200 kr.**

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að skiladagur fyrir Útstreymisbókhald 2018 er 1. maí nk. Hægt er að forðast gjaldtöku fyrir eftirfylgni með því að skila á réttum tíma. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug H. Einarsdóttir  
sviðsstjóri

  
Svava Pétursdóttir  
lögfræðingur